

Alþingi  
Erindi nr. P 131/212  
komudagur 26.11.2004

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hlöðum 23. nóvember 2004.

Efni: Veggjald í Hvalfjarðargöng

Á fundi hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps 16. nóvember 2004, var lögð fram tillaga til þingsálygtunar um veggjald í Hvalfjarðargöng.

Jafnframt lagt fram erindi frá samgöngunefnd Alþingis, dags, 4. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar Hvalfjarðarstrandarhrepps um þingsálygtunartillöguna.

Hvalfjarðarstrandarhreppur styður þingsálygtunartillögunu þessa.

Óviðunandi er að þeir einir sem fara um Hvalfjarðargöng beri kostnað við mannvirknið, enda er talið að um eina hagkvæmustu samgönguframkvæmd sé að ræða, sem ráðist hafi verið í á Íslandi.

Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps styður að leitað verði allra leiða til að fella megi niður veggjald í Hvalfjarðargöng.

Virðingarfyllst  
f.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps

  
Hallfreður Vilhjálmsson, oddviti